



## 2. Háskólafundur haldinn 19. sept. 2008 í stofu R 311 á Borgum fundurinn stóð með hléum frá kl. 8.35 – 9.40

Sigurður Kristinsson deildarforseti, staðgengill rektors á fundinum, setti fund og stýrði honum. Tílefni fundarins er að Háskólinn á Akureyri þarf að setja sér reglur um kjör til háskólaráðs samkvæmt lögum um opinbera háskóla.

Mættir voru:

Þóroddur Bjarnason prófessor, Þórir Sigurðsson lektor, Trausti Þorsteinsson forstöðumaður, Kjartan Ólafsson lektor, Hrefna Kristmannsdóttir prófessor, Sólveig Ása Árnadóttir lektor, Baldur Guðnason forstjóri (úr háskólaráði), Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, Úlfar Hauksson forstöðumaður, Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðuraður, Dagmar Ýr Stefánsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi, Ólína Freysteinsdóttir verkefnisstjóri, Hafdís Skúladóttir lektor, Snæfríður Þóra Egilson dósent, Árún K. Sigurðardóttir deildarforseti, Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri, Ingi Rúnar Eðvarðsson deildarforseti, Hjálmar Stefán Brynjólfsson nemi, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, Hjalti Þór Hreinsson nemi, Karl Óðinn Guðmundsson nemi, Eva Dröfn Möller nemi, Ragnar Sigurðsson nemi, Astrid Margrét Magnúsdóttir forstöðumaður, Anna Jenný Jóhannsdóttir nemi.

### Dagskrá:

1. *Reglur um breytingar á reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007, vegna breyttrar skipanar háskólaráðs, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla.*

Sigurður las yfir skjalið og opnaði umræðu um efni þess.

Nokkur álitamál komu fram í máli manna. Skiptar skoðanir voru um hversu lýðræðislegt val á fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð væri þegar farin er sú aðferð að fela þriggja manna valnefnd að koma saman tilnefningum um fulltrúana. Bent var á að í raun hafa allir starfsmenn kjörgengi. Þröngur tímarammi í þetta skipti hefur þó ef til vill verið heftandi.

Spurt var um þýðingu hugtaksins háskólasamfélag og einnig fleiri hugtök í lögum um opinbera háskóla.

Fundarstjóri skýrði að fundur þessi er haldinn eftir reglum HA um háskólafund, og að fyrir nýju háskólaráði liggur að skilgreina hugtök og setja Háskólanum á Akureyri nýjar reglur í samræmi við lögin. Meðal þess er að setja reglur um val á fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð.

Sigurður dró saman umsögn fundarins á þá leið að mikilvægt væri að í framtíðinni yrði séð til þess að allir starfsmenn fái tækifæri til að íhuga



vandlega hvort þeir hyggist bjóða sig fram í þetta ábyrgðarmikla hlutverk.

Fundarhlé var gert meðan háskólaráð vék frá og greiddi atkvæði um *Reglur um breytingar á reglum fyrir Háskólann á Akureyri 466/2007, vegna breyttrar skipanar háskólaráðs, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla.*

Sigurður hóf fund aftur kl. 9.40 og greindi háskólafundi frá því að háskólaráð hefði samþykkt reglurnar. Bar Sigurður upp reglurnar og voru þær samþykktar

## 2. Tilnefning á fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð.

Sigurður spurði hvort háskólafundur óskaði eftir leynilegri atkvæðagreiðslu um tilnefningu fulltrúa háskólasamfélagsins á háskólafund, en svo var ekki.

Kjartan Ólafsson, fulltrúi stjórnar FHA Félags háskólakennara á Akureyri, gerði grein fyrir störfum valnefndar. Í henni sátu auk hans Hrefna Kristmannsdóttir fyrir hönd Félags prófessora við opinbera háskóla og Óskar Þór Vilhjálmsson trúnaðarmaður starfsmanna HA sem eru í SFR Stéttarfélagi í almannáþjónustu.

Nefndin tilnefndi Þórodd Bjarnason prófessor og Elísabetu Hjörleifsdóttur dósent sem fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð.

Fundurinn samþykkti tilnefninguna. Einn sat hjá vegna óánægju með störf valnefndar. Einn taldi fundinn ólögmetan þar sem hann hefði ekki verið boðaður samkvæmt lögum um opinbera háskóla.

Sigurður óskaði hinum nýju háskólaráðsfulltrúum til hamingju. Fleira ekki gert, fundi slitið.